

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1862.
yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Magnúsar Jóns- 5. septembr.
sonar.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 28. maím. þ. á., viðvíkjandi bréfi, er Arnljótur alþingismaður Ólafsson hafði sent hingað, um að fá breytt úrskurði, er stiptamtmaður hafði kveðið upp 10. marzm. 1860 um réttan framfærsluhrepp Magnúsar Jónssonar, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunn- gjörið það hlutaðeigendum, að úrskurður yðar, sá er nú var getið, á óbreyttur að standa, en eptir honum á sveitarómagi þessi framfærsluhrepp í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringu sýslu.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 6. septembr.
yfir Íslandi, um festugjald af jörðum á Vestmanna-
eyjum.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 21. febrúarm. þ. á. hefir stjórnarráðið fengið skýrslur þær, er bedið var um í bréfi 5. septemberm. f. á., viðvíkjandi festugjaldi af jörðum á Vestmannaeyjum, og skal yður nú út af bænarskrá þeirri, er leiguliðar á jörðum þessum sendu alþingi, því er haldið var árið 1859, en þingið fól forseta sínum á hendur að skjóta til amtmanns, kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að þegar byggðar eru þjóðjarðir á Vestmannaeyjum, þá þarf eigi að fylgja því sem reglu, er ekki megí út af bregða, að heimt sé festugjald af leiguliðum auk jarðarafgjaldsins, heldur ber um bygging jarða þessara yfir höfuð að fara eptir reglum þeim, sem settar voru í bréfi innanríkisstjórnarinnar 23. maím. 1850.